

Fundargerð framkvæmdastjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Númer fundar: 994

Dagsetning: 5. september 2023 klukkan 8:30

Staðsetning fundar: Álfabakka 16, Reykjavík.

Fundinn sátu: Guðlaug Unnur Þorsteinsdóttir (sat fundinn undir liðum 1-7 og 10), Jónas Guðmundsson, Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir, Svava Kristín Þorkelsdóttir og Brjánn Jónasson, sem ritaði fundargerð.

Gestir fundarins: Guðmundur Marinó Ingvarsson, deildarstjóri rafrænnar þjónustu, sat fundinn undir liðum 2 og 3.

I. Efni til kynningar

1. Fundir á næstunni

Farið var yfir fundi framkvæmdastjórnar í vikunni.

II. Efni til umræðu

2. Hýsing sjúkraskráa á Suðurnesjum

Guðmundur Marinó Ingvarsson, deildarstjóri rafrænnar þjónustu, kom á fundinn til að ræða beiðni Heilsugæslunnar Höfða um hýsingu sjúkraskráa. Málið verður skoðað áfram í samtali við Embætti landlæknis.

3. Húsnæðismál

Rætt um lærdóminn af flutningum Heilsugæslunnar Hlíðum og fyrirhugaðan flutning þriggja geðteyma í Vegmúla.

4. Fjármál stöðva

Rætt um greiningu á fjármálum stöðva sem kynnt var á fundi svæðisstjóra.

5. Starfsmannamál

Umræður um ýmis starfsmannamál.

6. Verktaka lækna í Grafarvogi

Umræðu frestað til næsta fundar.

7. Verklag vegna eineltis, kynbundins áreiti, ofbeldis og kynferðislegs áreitis

Farið yfir myndræna útgáfu af ferlinu þegar upp koma mál tengd einelti, kynbundnu áreiti, ofbeldi eða kynferðislegu áreiti. Framkvæmdastjóra sviðs mannauðs og nýliðunar falið að koma minniháttar ábendingum um innihald á framfæri.

8. Lásar í heimahjúkrun

Umræður um lása hjá Heimahjúkrun og rekstur á þeim. Málið verður rætt áfram.

III. Efni til afgreiðslu

9. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerðir framkvæmdastjórnar HH frá 15. ágúst og 29. ágúst ræddar.

Niðurstaða: Fundargerðirnar samþykktar án athugasemda.

10. Samningur við Janus

Janus hefur fengið styrk frá ráðuneytinu til að þróa og innleiða verkfærið ADHD-vísinn. Rætt um samning sem er í gildi um ADHD-greiningar.

Niðurstaða: Framkvæmdastjóra sviðs fjármála og rekstrar falið að fylgja málinu eftir.

11. Heilsubrú

Rætt um drög að erindi til heilbrigðisráðuneytisins um fjármögnun Heilsubrúar.

Niðurstaða: Drögin samþykkt og verða send ráðuneytinu.

Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 11:30